

**Sp.**

### **438. Tillaga til þingsályktunar**

um rafveitu Norðurlands.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Jón Pálmason, Bernharð Stefánsson, Garðar Þorsteinsson, Björn Kristjánsson, Sigurður Þórðarson, Jón Sigurðsson, Sigurður E. Hlíðar, Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hraða áætlunum um virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, er miðist við það að fullnægja raforkuþörf Norðurlands, svo að unnt sé að leggja fullnaðaráætlanir um virkjunina fyrir næsta Alþingi í byrjun þess. Enn fremur að afla tilboða í efni í háspennulínur frá orkuverinu til Raufarhafnar í Norður-Þingeyjarsýslu og um Suður-Þingeyjar-, Eyjafjarðar-, Skagafjarðar-, Austur-Húnavatns- og Vestur-Húnavatnssýslu og efni í aðalspennistöðvar í þessum héruðum, og sé þessara tilboða leitað svo tímanlega, að þau geti legið fyrir, þegar næsta Alþingi kemur saman. Þá verði einnig hið fyrsta lokið við að gera kostnaðaráætlun um virkjun Laxár í Austur-Húnavatnssýslu, og ef hagkvæmt þykir að koma upp orkuveri þar, heimilast ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði á þessu ári til kaupa á efni og vélum til þeirrar virkjunar.

#### **G r e i n a r g e r ð .**

Á Norðurlandi munu skilyrði til stórrar vatnsaflsvirkjunar bezt við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu. Rafstöð Akureyrarbæjar þar er nú að verða ófullnægjandi og verður vafalaust stækkuð innan skamms, annaðhvort af kaupstaðnum eða ríkinu. En athuganir, sem gerðar hafa verið, sýna, að einnig muni auðvelt að byggja stóra aflstöð á öðrum stað við ána, nær upptökum hennar. Virðist æskilegt, að ríkið komi upp aflmikilli rafstöð við Laxá og veiti þaðan rafmagni um allar sýslur á Norðurlandi.

Hér er lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að láta hraða áætlunum um virkjun Laxár, svo að fullnaðaráætlanir um byggingu stórrar rafstöðvar þar geti legið fyrir, þegar næsta Alþingi kemur saman. Enn fremur að afla tilboða í efni í háspennulínur um Norðurland og aðalspennustöðvar. Það er hægt að gera, þó að áætlunum um virkjunina sé ekki lokið, og er hér lögð áherzla á, að tilboðanna í efni í aðalorkuflutningslínur og spennistöðvar verði leitað svo snemma, að þau geti legið fyrir næsta Alþingi í byrjun þess.

Nú er verið að vinna að áætlunum um byggingu rafstöðvar við Laxá fremri í Austur-Húnavatnssýslu, og mun því lokið innan skamms. Er gízkað á, að þar muni hægt að virkja 6—7 þús. hestöfl. Er hér lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að verja fé úr ríkissjóði til kaupa á efni og vélum til þeirrar rafstöðvar, ef áætlanir sýna, að hagkvæmt sé að koma þar upp orkuveri. En þótt sú virkjun, ef framkvæmd verður, mundi e. t. v. nægja Húnavatnssýslum fyrst um sinn, þykir eigi að síður rétt að leggja háspennulínu frá Laxárvirkjuninni í Þingeyjarsýslu vestur í Húnavatnssýslur og tengja þessar tvær aflstöðvar saman. Má í þessu sambandi benda á, að óhjákvæmilegt er að veita rafmagni frá Laxárvirkjuninni til Skagafjarðar, þar sem virkjunarskilyrði í því héraði eru óhentug, og aukakostnaður við að framlengja háspennulínu þaðan vestur í Húnavatnssýslu er ekki mjög mikill.